

Hafnarfirði 13. júlí 2016

Efni: Sjóstangveiði frá strönd Lónakots fyrir vestan Straumsvík.

Fyrir liggur erindi frá Samúel Vilberg Jónssyni, Hauks Bachmann og Vilborgar Reynisdóttur formanns Stangveiðifélags Hafnarfjarðar, fyrir hönd áhugamanna um stangveiði í sjó frá landi.

Beiðnin snýr að því að opna veginn niður að strönd Lónakots, í dag er vegurinn lokaður með keðju við Reykjanesbrautina. Vegurinn nær að fjárhúsum við Lónakot, ca 300 metrar, en frá fjárhúsunum er illa fær slóði sem er ekki fær nema allra stærstu bílum niður að strönd Lónakots, slóðinn er allt að 1500 metra langur. Ef samþykkt væri að opna veginn er nokkuð ljóst að krafa verður gerð um lagfæringu á núverandi slóða, sem er dýr framkvæmd.

Engin aðstaða er við ströndina fyrir væntanlega gesti svæðisins og aðgengi mjög slæmt eftir vegslóðanum fyrir sjúkrabíla eða önnur farartæki.

Þá myndi koma óæskileg vinstri beygja frá Lónakoti um Reykjanesbrautina, sem er ekki æskilegt og væri verið að opna á slyshættu.

Af framantöldu tel ég ekki æskilegt að opna veginn frá Reykjanesbraut formlega fyrir væntanlega sjóstangveiði frá strönd Lónakots.

Virðingarfyllst,

Sigurður Haraldsson, sviðsstjóri



Mynd tekin úr verkstjórabíl bæjarins eftir vegslóðanum.



Verkstjórabíll komst ekki lengra, ca 400 m frá strönd Lónakots.



Mynd tekin við strönd Lónakots